

**9. fundur stjórnar AP**, starfsárið 2008-2009,  
haldinn að Garðarsbraut 7, 18. maí 2009, kl.13:00.

Mættir: Björn Ingimarsson, formaður sem stjórnaði fundi, Aðalsteinn Á. Baldursson, Guðmundur Guðmundsson, Pétur Snæbjörnsson, Sigurgeir Höskuldsson og Haraldur Bóasson. Enn fremur sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

- 1. Mállefni vaxtarsamnings.** Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundum sem hann ásamt starfsmanni félagsins, Gunnari Jóhannessyni hafa átt með fulltrúum iðnaðarráðuneytisins vegna framkvæmdar og uppgjors vaxtarsamnings fyrir liðið ár og aðgerðaáætlun yfirstandandi árs.

Lögð fram drög að verklagsreglum og áherslum varðandi verkefnaval ársins. Stjórnin samþykkir reglurnar.

Framkvæmdastjóra falið að auglýsa eftir verkefnum til þátttöku enda liggi fyrir greiðsluáætlun frá iðnaðarráðuneyti vegna fjármögnunar samningsins.

- 2. Aðalfundur.** Samþykkt að fundurinn verði á Raufarhöfn föstudaginn 5. júní kl. 13:00 og framkvæmdastjóra falið að auglýsa hann. Farið yfir drög að dagskrá málþings og frummælendur.

- 3. Önnur mál**

- Hugsanleg vatnsátöppunarverksmiðja.* Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu mála en um er að ræða fyrirspurnir um aðstæður og málið því á algeru byrjunarstigi.
- Mállefni Álfasteins á Raufarhöfn.* Rætt um stöðu fyrirtækisins og mögulega framtíðarþróun þeirra verkefna sem félagið tengist.
- Ársfundur Byggðastofnunar.* Fundurinn fer fram í Mývatnssveit n.k. miðvikudag og hvatti stjórnarformaður til þess að stjórnarmenn mættu á fundinn.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn þegar reikningar liggja fyrir.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:40.